

Mál nr. 37/2015
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Maður féll í stiga 10.6.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.1.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-12
2. Bréf V dags. 24.2.2015.

Málsatvik.

M segist hafa dottið í tröppum í stigagangi og lent á vinstri mjöðm og fengið mikinn verk í mjöðmina. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að það eina sem finnist um hugsanlegt samband milli slyssins og mjaðmavandamáls M sé símtal hans við lækni 29.9.2014 þar sem M minnst á þetta atvik. V segir að skv. læknisvottorðum sé M kominn með verk í vinstri mjöðm strax 27.3.2014 og minnst ekki á slysið í ítrekuðum læknisheimsóknum fyrst 16.7.2014 til 7.9.2014 en í síðasta tilvikinu segi að um sé að ræða sjöttu komu M á tveim vikum vegna verkja í vinstri mjöðm og sneiðmynd sýni mikið slit og aðgerð hafi verið flýtt vegna slæmra verkja. V telur ósannað að eymsli M í mjöðm megi rekja til þess að hann hafi fallið í stiga þ. 10.6.2014 þar sem hann minnst ekkert á umrætt atvik í fjölmörgum læknisheimsóknum eftir slysið.

Álit.

Í læknisvottorði dags. 19.12.2014 kemur m.a. fram að M hafi leitað til læknis þ.27.3.2014 og þá kominn með verk í vinstri mjöðm og röntgen mynd sýndi verulega "arthrosu" með brjósklækkun. Síðar segir að um sé að ræða mjúkartakalkanir og festumein við festusvæðið á "trochanter minor". Af framangreindu liggur fyrir að M er kominn með verk í vinstri mjöðm rúnum tveim mánuðum fyrir slysið. Sú staðreynd að M var kominn með verk í vinstri mjöðm rúnum tveim mánuðum fyrir slysið og það að hann minnst ekki á slysið við lækna í ítrekuðum læknisheimsóknum frá því að slysið varð til loka september gerir það að verkum að ekkert liggur fyrir sem gefur til kynna að mjaðmaverkir M hafi versnað við fallið þ. 10.6.2014. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.3.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.